



Fóstureyðingar 2016

Tölur um [fóstureyðingar 2016](#) voru nýlega gefnar út á vef Embættis landlæknis. Samtímis voru eldri tölur endurskoðaðar og endurútgefnar.

Árið 2016 var gerð 1.021 fóstureyðing hér á landi. Eru það tæplega 100 fleiri aðgerðir heldur en gerðar voru árið á undan og raunar er þetta í fyrsta sinn sem árlegur heildarfjöldi fóstureyðinga fer yfir 1.000.

Nánari greining sýnir að á árinu 2016 voru framkvæmdar 13 fóstureyðingar miðað við hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri (15-49 ára) en það er

heldur meira en fimm ára meðaltal árunna 2011-2015 (12,4 á 1.000 konur 15-49 ára). Til samanburðar voru framkvæmdar 13,3 fóstureyðingar á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri á [Norðurlöndunum árið 2015](#), fæstar í Finnlandi (8,2) en flestar í Svíþjóð (17,6).

Árið 2016 sést einnig fjölgun hér á landi sé litið til fjölda fóstureyðinga miðað við 1.000 lifandi fædd börn. Þá voru fram-

kvæmdar 253,1 fóstureyðingar á hverja 1.000 lifandi fædda á Íslandi en það er hærri tala en sést hefur frá upphafi. Meðaltal árunna 2011-2015 var 219,3 fóstureyðingar á 1.000 lifandi fædd börn en meðaltalið 2006-2010 var 199,1.

Heilbrigðisumdæmi


Nokkur munur var á tíðni fóstureyðinga 2016 eftir búsetu kvenna (mynd 1). Þær voru flestar hjá konum búsettum á Suðurnesjum (16 á 1.000 konur 15-49 ára) og á höfuðborgarsvæðinu (14,4 á 1.000 konur 15-49 ára) en sú var einnig raunin árið 2015. Fæstar fóstureyðingar

voru hins vegar hjá konum á Vesturlandi (5,5 á 1.000 konur 15-49 ára) og á Austurlandi (7,3 á 1.000 konur 15-49 ára). Mynd 1 sýnir einnig meðaltalsdreifingu fóstureyðinga eftir búsetu kvenna á árunum 2011 til 2015. Fóstureyðingar voru algengastar hjá konum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum á því árabili en fátíðastar meðal kvenna á Austurlandi og Norðurlandi.

Aldursbundin tíðni fóstureyðinga

Sé litið til aldurs þeirra kvenna sem gengust undir fóstureyðingu árið 2016 sést að flestar aðgerðir voru gerðar hjá

Fóstureyðingar	
Ár	Fjöldi
2000	987
2001	967
2002	900
2003	956
2004	889
2005	868
2006	904
2007	905
2008	959
2009	981
2010	978
2011	970
2012	980
2013	966
2014	955
2015	926
2016	1021



Mynd 1. Fóstureyðingar eftir heilbrigðisumdæmum miðað við 1.000 konur á frjósemisaldri (15-49 ára).

Efni:

Fóstureyðingar 2016

Ófrjósemisaðgerðir 2016

bls.

1

2

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.
Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 510 1900
Bréfasími 510 1919
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is




konum í aldurshópnum 20-24 ára (mynd 2). Árið 2016 fóru 23 af hverjum 1.000 konum í þeim aldurshópi í fóstureyðingu. Lengst af hafa flestar fóstureyðingar verið meðal kvenna í þessum aldurshópi að frátöldu árinu 2015 þegar flestar aðgerðir voru hjá konum á aldrinum 25-29 ára.

Fóstureyðingum í yngsta aldurshópnum hefur fækkað allmikið undanfarna tvo áratugi. Árið 2016 gengust 12,5 stúlkur af hverjum 1.000 á aldrinum 15-19 ára undir fóstureyðingu en það er heldur lægri tíðni en fimm ára meðaltal árunum 2011-2015 segir til um (13,3). Að meðaltali voru framkvæmdar 15,1 fóstureyðingar hjá hverjum 1.000 stúlkum á aldrinum 15-19 ára á árunum 2006-2010, 18,8 að meðaltali á árunum 2001-2005 og 21,2 á árunum 1996-2000.

Fyrri fæðingar og fóstureyðingar

Meginhluti þeirra kvenna sem gekkst undir fóstureyðingu árið 2016 hafði ekki gengist undir slíka aðgerð áður eða tæplega 63%. Riflega 25% kvennanna áttu hins vegar að baki eina fyrri fóstureyðingu og um 12% tvær eða fleiri. Þá hafði meira en helmingur þeirra kvenna sem fóru í fóstureyðingu árið 2016 áður fætt barn eða börn (56,3%).



Mynd 2. Tíðni fóstureyðinga miðað við 1.000 konur í hverjum aldurshópi.

Meðgöngulengd

Stærsti hluti þeirra kvenna sem fóru í fóstureyðingu árið 2016 voru gengnar 12 vikur eða skemur þegar aðgerð fór fram (95,1%) en í [lögum um fóstureyðingar, nr. 25/1975](#), er kveðið á um að fóstureyðing skuli framkvæmd sem fyrst á meðgöngunni, helst innan 12 vikna meðgöngu. Eftir 16. viku er fóstureyðing eingöngu heimil af lækni-fræðilegum ástæðum. Árið 2016 fór tæplega 4% aðgerða fram eftir 13-16 vikna meðgöngu en tæplega 1% eftir lengri meðgöngu en 16 vikur.

Aðgerðarstaður

Sem fyrr er yfirgnæfandi meirihluti fóstureyðinga framkvæmdur á kvenna-deild Landspítala, eða tæplega 91% árið 2016. Næstflestar aðgerðir voru gerðar á Sjúkrahúsinu á Akureyri (7%) og á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi (1%).

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ófrjósemisaðgerðir 2016

Á árinu [2016 voru framkvæmdar 625 ófrjósemisaðgerðir](#) á Íslandi og er það svipaður fjöldi og undanfarnin tvö ár. Af 625 ófrjósemisaðgerðum voru 508 aðgerðir gerðar á körlum, 7,2 á hverja 1.000 karlmenn á aldrinum 25-54 ára en 117 á konum eða 1,7 á hverjar 1.000 konur á sama aldri.

Mikil breyting hefur orðið á hlutfalli karla og kvenna sem undirgangast ófrjósemisaðgerðir hér á landi undanfarna áratugi. Ófrjósemisaðgerðum á körlum fjölgaði jafnt og þétt til ársins 2012 en síðan þá hefur fjöldinn haldist nokkuð stöðugur. Á sama tíma dró verulega úr slíkum aðgerðum meðal kvenna á Íslandi þó að lítil breyting hafi orðið á

fjölda aðgerða undanfarnin fimm ár.

Ófrjósemisaðgerðir og aldur

Ófrjósemisaðgerðir hafa lengi verið algengastar hjá fólki á aldrinum 35-44 ára. Á það bæði við um karla og konur. Árið 2016 voru gerðar 13,5 ófrjósemisaðgerðir á hverja 1.000 karlmenn á þessum aldri en 3,4 aðgerðir á hverjar




11. árgangur. 4. tölublað. Apríl 2017

1.000 konur á sama aldri. Er það svipaður fjöldi og árið 2015.


Aðgerðarstaður

Þorri ófrjósemisaðgerða á karlmönnum eru framkvæmdar á stofum sjálfstætt starfandi þvagfæraskurðlækna eða 91,5% árið 2016. Einungis 8,5% ófrjósemisaðgerða á körlum árið 2016 voru gerðar á heilbrigðisstofnunum. Þessu eru öfugt farið hjá konunum. Ríflega 87% allra ófrjósemisaðgerða á konum árið 2016 voru framkvæmdar á heilbrigðisstofnunun á meðan tæplega 13% aðgerða fóru fram á stofum sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir



Mynd 1. Ófrjósemisaðgerðir eftir kyni 2000-2016



Mynd 2. Ófrjósemisaðgerðir á 1.000 íbúa á aldrinum 25-54 ára.